

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015, Grænás-Njarðvíkurfitjar, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra þann 5. janúar 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015 frá 7. október 1996.

Breytingarnar felast í breytingum á safngötum og tengibrautum, m.a. er tenging Grænásvegar við Reykjanesbraut felld niður. Lögun iðnaðarsvæðis ofan við Klettás er breytt og frestun á austasta hluta íbúðasvæðis í Grænási er felld niður auk þess sem lögun íbúðasvæða breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir H. Gunnlaugsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 411, 18. júní 1999, um verndun smáfisks við tog- og dragnótaveiðar fyrir Suðausturlandi.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. desember 1999“ í B. lið 2. gr. komi: 31. desember 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegráðuneytinu, 30. janúar 2001.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eypórsson.